



**Handbók félaga veturinn 2012-2013**

## Félagatal á kki.is

Félög eru beðin um að uppfæra félagatal sitt á kki.is. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir alla sem starfa í hreyfingunni og fyrir félög að aðgengi að upplýsingum sé sem best. Félagatalið er mikið notað í öllu starfi, hvort sem er af skrifstofu KKÍ eða milli félaga t.d í kringum mótahald yngri flokka og gott að hafa upplýsingar um þjálfara, símanúmer, netföng rétt skráð. Dæmi eru um að félagatöl hafi ekki verið uppfærð í 2 ár!

Félagatalið er uppfært á [www.kki.is/felagatal.asp](http://www.kki.is/felagatal.asp) og fást aðgangsupplýsingar á skrifstofu KKÍ ef þær vantar. Mjög einfalt er að breyta og bæta við upplýsingum.

## Umgjörð á heimaleikjum í Domino's deildum karla og kvenna

Félög sjá til þess að umgjörð leikja sé í öllu eftir þeim reglum sem KKÍ setur fyrir leiktíðina.

Félög í Domino's deildum tilnefni ákveðinn aðila sem verður nefndur ábyrgðarmaður / fjölmiðlafulltrúi fyrir heimaleiki síns félags.

## Hlutverk ábyrgðarmanns / fjölmiðlafulltrúa

- Þessi aðili verði mættur **45 mín.** fyrir leik
- Hann gefur sig fram við dómara leiksins og eftirlitsmann þegar það á við þegar þeir mæta til leiks
- Sér til þess að dómara fái sér búningaklefa þar sem er sturta, salerni og aðstaða hrein og til fyrirmyndar

## Ritaraborð

- Félög skulu tryggja að á ritaraborði starfi hæft starfsfólk og að forsvarsmáður ritaraborðs á leikjum í Domino's deildum karla og kvenna og 1.deildum karla og kvenna sé a.m.k. 18 ára eða eldri. Höfum í huga að því minna sem dómara leiksins þurfa að skipta sér að ritaraborði þeim mun betri verður dómgæslan
- Starfsmenn á ritaraborði skulu mæta eigi síðar en **30 mín.** fyrir leik

## Flöggun fyrir leik

- Fyrir alla leiki í Domino's deildum karla og kvenna skal flagga fána KKÍ og Domino's utandyra. Fyrir leiki í öðrum deildum og flokkum skal flagga KKÍ fánanum. **Domino's fánar eru í vinnslu.**

## Nettenging / Tölfræði

- Nettenging þarf að vera til staðar fyrir tölfræði og fjölmiðla

- Tölfræði í öllum leikjum í Domino's deildum karla og kvenna og 1.d. karla er send út beint á tölfræðivef sambandsins
- Athygli skal vakin á því að KKÍ er heimilt að ákveða með hvaða hætti tölfræði er tekin og hefur verið ákveðið að þessi háttur verði hafður á við að halda utan um tölfræðina eins og undanfarin ár
- Ef tenging dettur niður getur viðkomandi tölfræði-skrásetjari haldið áfram að taka tölfræðina í kerfinu og sendir svo strax að leik loknum logfile á [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is). Með þessu móti skilast tölfræðin inn í gagnagrunninn
- Félög sjái til þess að það sé prentari svo hægt sé að prenta út tölfræði eftir hvern leikhvata fyrir hvort félag og fjölmiðla

### **Draumaliðsleikur KKÍ og Domino's**

- Frábært tæki til að vekja áhuga almennings á körfubolta
- Mikilvægt að félög passi upp á öll tölfræði skili sér fljótt og vel

Vinsamlegast látið skrifstofu KKÍ vita þegar leikmenn bætast við og sendið myndir af þeim með til að hægt sé að uppfæra leikmannalista, bæði fyrir LiveStattið og Draumaliðs-deildina (samtengt)

### **Fjölmiðlar**

- Ábyrgðarmaður / fjölmiðlafulltrúi gefur sig fram við fjölmiðla þegar þeir mæta á leiki
- Aðstaða fyrir fjölmiðla skal vera á góðum stað með borði, stól og aðgangi að nettengingu og veitingum
- Ábyrgðarmaður / fjölmiðlafulltrúi fer yfir þetta fyrir leik og passar upp á aðstaðan sé til fyrirmyndar
- Ábyrgðarmaður / fjölmiðlafulltrúi sér til þess að fjölmiðlar fái réttan leikmannalista með réttum númerum leikmanna minnst 15 mín fyrir leik
- Ef leikur er í beinni sjónvarpsútsendingu skal ábyrgðarmaður sjá til þess að leikmenn og þjálfarar séu til taks strax að leik loknum í viðtöl
- Félög komi sér upp aðstöðu þar sem gardína Domino's deilda og félaganna er staðsett þannig að hefð komist á það hvar viðtöl eru tekin. Allra hagur með nýrri gardínu þar sem lógó samstarfsaðila eru einnig með.

### **Heimasíða og önnur mikilvæg atriði**

Félög skulu halda úti virkri heimasíðu, þar sem fram koma upplýsingar um félagið og starfsemi þess, þ.m.t.:

- Upplýsingar um stjórn deildarinnar
- Upplýsingar um leikmenn í meistaraflokki
- Upplýsingar um æfingatíma yngri flokka og alla þjálfara deildarinnar
- Upplýsingar um leikdaga

- Fréttasíða með reglulegum fréttum úr starfi félagsins
- Auglýsa heimaleiki og nota nöfn þeirrar keppni sem við á hverju sinni
- Félög skulu mæta til fjölmiðlafundar, t.d. við opnun Úrvalsdeilda hvert ár, svo og við upphaf úrslitakeppni þar sem fulltrúar stjórnar félagsins, þjálfari og a.m.k. einn leikmaður mæti í keppnisbúningi fyrir myndatökur sé þess óskað
- Félög skulu mæta til fjölmiðlafundar þegar dregið er í 8-liða og 4-liða úrslit bikarkeppna ásamt því þegar fundur er fyrir úrslitaleiki bikarkeppninnar

### **Yngri flokkar**


- Passa upp á að nóg sé til af leikskýrslum [ á einnig við um meistaraflokka ] og umslögum. Muna að panta með fyrirvara á skrifstofu KKÍ
- Skila þarf leikskýrslum strax eftir fjölliðamót og deildarleiki yngri flokka eða innan fjögurra virkra daga
- Úrslitum úr fjölliðamótum skal skilað rafrænt strax að móti loknu á Baskethotel
- Úrslitum úr einstökum deildarleikjum skal skilað rafrænt strax að leikjum loknum inn á Baskethotel

## Aðgangskort KKÍ 2012-2013

Aðgangskort KKÍ á þessu tímabili líta svona út eins og sést hér fyrir neðan. Engin eldri kort gilda frá fyrri árum eða aðrar útgáfur eftir formannafund 2. október. Kortin eru númeruð og gilda eingöngu fyrir handhafa. Ef kortið gildir fyrir fleiri er það eingöngu fyrir handhafa + einn gestur með honum.

Tekið er fram að sýna þurfi skilríki sé þess óskað og er dyravörðum heimilt að óska þess á hverjum leikstað eins og þurfa þykir.





Skilti á leikjum:



### Stuttbuxur Domino's deildar liða:

Logo Domino's deildarinnar á að vera á öllum stuttbuxum liða í úrvalsdeildum karla og kvenna. Logoíð er að finna á [kki.is/logofelaga.asp](http://kki.is/logofelaga.asp) í vector formi fyrir prent auk allra merkja félaga fyrir t.d leikskrár og annað auglýsingaefni.



### Viðtalsgardína

Passa upp á að öll sjónvarpsviðtöl og/eða netmiðlaviðtöl séu tekin með gardínuna í bakgrunni. Hvert félag fær gardínu með sínum styrktaraðilum á auk merki félags og Domino's.

[Sýnishorn af gardínu ÍR]

## Áherslur dómara nefndar KKÍ 2012 - 2013

Eftirfarandi áherslur eru settar fram með það að markmiði að samræma vinnubrögð og dómgæslu í körfuboltaleikjum á Íslandi. Öllum þátttakendum ber að virða og fylgja þessum áherslum og mun frammistaða dómara hafa áhrif á fjölda og mikilvægi verkefna sem þeim er úthlutað.

### Framkoma:

Dómara nefnd gerir þá kröfu til dómara að þeir stöðvi endurteknar athugasemdir og eða mótmæli, hvort heldur er af hendi þjálfara eða leikmanna. Dómara nefnd fer fram á það að samskipti séu fagleg og einkennist af virðingu og háttvísi. Ekki er með þessum tilmælum verið að koma í veg fyrir að þjálfarar eða leikmenn geti sýnt tilfinningar eða haft skoðanir, heldur er ætlast til þess að dómara grípi inni í þegar skortur á samstarfsvilja og virðingu verður of stór þáttur samskiptanna.

Hafa skal til hliðssjónar tilmæli FIBA frá 25/4 2012 sem finna má hér:

<http://www.fiba.com/pages/eng/fc/expe/refer/video.asp>

Dómara nefnd gerir í þessum efnum ekki minni kröfur til dómara en annarra þátttakenda leiksins.

### Hagnaðarreglan:

Hagnaðarreglan er hornsteinn góðrar dómgæslu. Hagnist brotlegur aðili ekki á broti sínu og verði andstæðingurinn ekki fyrir óhagræði hefur í raun ekkert brot átt sér stað.

### Skrín:

Gera skal ríka kröfu um að sá sem setur upp hindrun (skrín) sé kyrrstæður, með báða fætur á gólfi og innan síns sívalnings. [grein 33.7 í leikreglum] Gera skal sömu kröfu um sóknarskrín og varnarskrín [að „bömpa“].

### Flopp:

Taka skal hart á „floppi“ og leikaraskap hvort sem um er að ræða varnar- eða sóknarmann. Dæma skal tæknivillu á leikmanninn. Dómari má veita aðvörun fyrst sem tilkynna skal þjálfaranum en það skal bara gert einu sinni á hvort lið í leik.

### Leikbrot:

Taka skal hart á því þegar leikmenn taka aukaskref í upphafi knattraks („spóla af stað“) sem og að hreyfa stoðfótinn í hreyfingum nálægt körfunni.

### Mok (palming):

Leikmaður skal ekki hagnast á því að „moka“ knettinum þ.e. að láta knöttinn stöðvast augnablik í hendinn í knattraki, þegar hann beitir hraða- eða stefnubreytingu til að komast framhjá varnarleikmanni. Þetta hefur færst í aukana undanfarin misseri.

### Leikmannaskipti:

Dómara skulu fylgja því eftir að leikmannaskipti fari fram skv. leikreglum. Varamenn

skulu óska leikmannaskipta en ekki þjálfarar. Varamenn skulu ekki koma inn á völlinn fyrir en dómara hafa gefið þeim leyfi með handabendingu.

Samskipti utan vallar:

Fulltrúar liða þurfa samþykki formanns dómara nefndar til þess að hafa samband við dómara að fyrra bragði á keppnistímabilinu, nema til að staðfesta ferðatilhögun eða greiðslur reikninga.

Búningar:

Leikmenn skulu alltaf hafa búninginn girtan ofan í stuttbuxurnar. Láti leikmenn sama liðs ekki segjast skal dómari aðvara þjálfara og eftir það skal dómari láta skipta leikmanni sem ekki er girtur útaf. Ef búningur leikmanns er stuttur er það á ábyrgð hans liðs að láta honum í té viðeigandi búning.

Slagsmál eða óíþróttamannsleg framkoma:

Við sérstakar aðstæður t.d. slagsmál eða aðra óíþróttamannslega framkomu sem geta varðað brottvísun, er dómara heimilt að notast við upptökubúnað, sé hann er fyrir hendi, til að úrskurða í málinu. Lið eiga ekki rétt á að fara fram á að dómara skoði atvik af upptöku. Fulltrúar liðanna skulu ekki vera viðstaddir þegar dómara greina upptökuna. Upptakan skal skoðuð strax í kjölfar atviksins og eigi síðar en að loknum viðkomandi fjórðungi.

Hættulegur leikur:

Stöðva verður grófan og hættulegan leik. Dómara skulu sérstaklega taka á atvikum þar sem olnboga er sveiflað ógætilega, hvort heldur er af ásetningi eða ósjálfrátt, með eða án knattar. Olnboga sem sveiflað er ofan axlarhæðar, sem kann eða veldur öðrum hættu, skal refsa með T, U eða D eftir atvikum.

Ritaraborð:

Dómara nefnd leggur mjög mikla áherslu að starfsmenn á ritarborði séu starfi sínu vaxnir. Meti dómara það svo að svo miklir hnökrar séu á vinnu ritaraborðs að það hafi áhrif á gang leiksins hafa þeir heimild til þess að fara fram á að aðrir komi í stað þeirra sem ekki standa sig, þó ekki fyrir en við fjórðungaskipti.

Skyldur þjálfara:

Í grein 7.5 í leikreglum segir um réttindi og skyldur þjálfara; þjálfara eða aðstoðarþjálfara, en aðeins öðrum hverju sinni, er heimilt að vera standandi meðan á leik stendur. Þeir mega ræða við leikmenn svo lengi sem þeir halda sér innan svæðis varamanna. Aðstoðarþjálfara er óheimilt að ávarpa dómara.